

Ed.

363. Frumvarp til laga

[189. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

3. mgr. 10. gr. falli niður.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins.

3. gr.

2. mgr. 13. gr. orðist svo:

Ákveða má í reglugerð sérstakt gjald, er skattfirvald ákveður á hendur þeim, sem vanrækir sparimerkjakaup, er nema má allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir. Sömuleiðis má með reglugerð ákveða, að hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessara laga um skyldusparnað, skuli skylt að gera skattfirvaldi grein fyrir sparimerkjaeign sinni með framvísun sparimerkjabókar sinnar að viðlögðu 200 króna gjaldi. Gjöld þessi renna til Byggingarsjóðs ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagabreyting þessi er gerð vegna þess ákvæðis í 2. gr. laga nr. 60 16. maí 1978 um breyting á lögum nr. 45 16. apríl 1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum sbr. lög nr. 68 30. apríl 1973 um breyting á þeim lögum, að niður er felld lánveiting Stofnlánadeildar til nýbygginga og endurbygginga íbúðarhúsa á lögbýlum.